

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 248 7. júní 1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

1. gr.

Orðin á eftir "virðisaukaskatti" í 4. málslíð 5. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Við 12. gr. í III. kafla reglugerðarinnar, bætist við nýr töluliður er verði 6. töluliður svohljóðandi:

Vinna við sérstök verkefni sveitarfélaga eða á ábyrgð þeirra, sem efnt er til með styrk Atvinnuleysistryggingasjóðs, til að fjölga atvinnutækifærum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/ 1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1994 og gildir til ársloka 1994.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1993.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.*Margrét Gunnlaugsdóttir.***Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.